

8. júlí 2024

Krakkakunst

www.krakkakunst.com

Vefsíðan krakkakunst var opnuð formlega 17 nóvember síðastliðinn og haldin var opnunarhátíð í desember á Urðarhóli.

Vefsíðan hefur stækkað hratt síðastliðið ár og hefur orðið stærri en upphaflega stóð til.

Inn á síðunni er hægt að finna efni tengt leikskólastarfi. Þar eru söngbækur, frumsamin sönglög, tónlistarkennsluefni, Lubba tengt efni, efni tengt hljóðkerfisvitund, sönglög, leiki og þulur til þess að nýta til kennslu, hin ýmsu bingó (náttúrubingó, lestarbingó, rímbingó o.fl.), efni tengt veðurfræðingi, afmælislest og því um líkt sem og krakkaþrautir.

Einnig fannst okkur mikilvægt að vera með stutt fræðslumyndbönd sem sýnir stutt og skörinort hvernig skal nota kennsluefnið sem og hvers vegna sé mikilvægt að vinna þessa þætti með börnunum.

Síðan er lifandi vefur sem mun vera í áframhaldandi þróun næstu ár. Hugsunin á bakvið síðuna var og er að búa til og deila með kennarasamfélaginu hinum ýmsu verkefnum sem nýtist til kennslu. Leikskólar eru mis mannaðir af fagfólki og því var hugmyndin að efnið sem er að finna inn á síðunni geti nýst fjölbreyttum starfsmannahópi sem hefur jafnvel litla sem enga reynslu af vinnu innan leikskólanna.

Við höfum fylgst með umferð inn á síðuna og hefur hún farið fram úr okkar björtustu vonum, þar sem við höfum lítið sem ekkert auglýst síðuna. Þeir sem hafa nýtt sér síðuna hafa sent okkur skilaboð í gegnum skilboðaskjóðu á síðunni og hefur ánægja verið mikil.

Við finnum að verkefnið er rétt að byrja, en styrkurinn gaf okkur góða innspýtingu til að koma heimsíðunni á laggirnar. Við munum því halda ótrauðar áfram við að skapa og deila fjölbreyttum verkefnum inn á síðuna.

Virðingarfyllt
Ingibjörg Sólrún Ágústs dóttir
Gunnhildur Magnúsdóttir

